



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1347*  
*komudagur 5.2.2013*

Reykjavík 5. febrúar.2013.

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986.**

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við að II. kafli laganna verði felldur brott eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar vill Sjómannasamband Íslands benda á að I. kafli laganna sem fjallar um skiptaverðmæti sjávarafra er löngu orðinn úrelður. Samtök sjómanna (SSÍ, FFSÍ og VM) og Landssamband ísl. útvegsmanna (LÍÚ) hafa í kjarasamningi síni í milli samið um önnur viðmið en lögini tilgreina á svokallaðri olíuverðsviðmiðun vegna ákvörðunar á skiptaverði. Í kjarasamningi milli samtaka sjómanna og Landssambands smábátaeigenda (LS) er skiptaverðið jafnt heildarverðmæti aflans og eiga því lögini alls ekki við hvað þann kjarasamning varðar.

Í 2. málslíð 1. gr. segir: „Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum“. Merking þessa málslíðar þarf að halda sér í lögnum eða að ákvæðið verði sett í önnur lög ef það hentar betur, en að öðru leyti má einnig fella I. kafla laganna brott.

Sjómannasamband Íslands leggur því til að annað hvort verði I. kafli laganna aðlagður að þeim kjarasamningum sem nú eru í gildi milli samtaka sjómanna annars vegar og LÍÚ og LS hins vegar, eða að í stað 1. - 4. gr. laganna komi ein grein sem orðist þannig:

„Um skilgreiningu skiptaverðs til hlutskipta gilda ákvæði viðkomandi kjarasamninga milli samtaka sjómanna annars vegar og samtaka útgerðarmanna hins vegar. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum áður en skiptaverð skv. kjarasamningi er reiknað.“

Verði I. kafli laganna aðlagður að gildandi kjarasamningum þarf að taka fram að ákvæði 1. – 4. greinar varðandi skilgreiningu á skiptaverði til hlutskipta eigi aðeins við um uppgjör samkvæmt kjarasamningi milli samtaka sjómanna og LÍÚ. Samkvæmt kjarasamningi milli samtaka sjómanna og LS skuli skipt úr heildarverðmæti aflans að frádregnum þeim kostnaðarliðum sem kjarasamningurinn sjálfur heimilar.

Grein 1.29.1 í nógildandi kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna sem skilgreinir skiptaverðið er eftirfarandi:

**„Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum**

*Frá og með 1. janúar 2009 skal skiptaverðmætishlutfall sem tekur mið af gasolíuverði á heimsmarkaði vera sem hér segir:*

**Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum skv. olíuverðsviðmiðun:**

| <i>Innan-<br/>lands</i> | <i>Frosinn botnfiskur</i> |            | <i>Frosin rækja</i> |            | <i>Heimsmarkaðsverð<br/>á gasolíu \$ fob/tonn</i> |             |
|-------------------------|---------------------------|------------|---------------------|------------|---|-------------|
|                         | <i>fob</i>                | <i>cif</i> | <i>fob</i>          | <i>cif</i> | <i>Lægra en</i>                                   |             |
| 80%                     | 77,0%                     | 71,5%      | 74,0%               | 68,5%      | 143,00  | 143,00 \$   |
| 79%                     | 76,5%                     | 71,0%      | 73,5%               | 68,0%      | 143,00  | 160,99 \$   |
| 78%                     | 76,0%                     | 70,5%      | 73,0%               | 67,5%      | 161,00  | 178,99 \$   |
| 77%                     | 75,5%                     | 70,0%      | 72,5%               | 67,0%      | 179,00  | 196,99 \$   |
| 76%                     | 75,0%                     | 69,5%      | 72,0%               | 66,5%      | 197,00  | 214,99 \$   |
| 75%                     | 74,5%                     | 69,0%      | 71,5%               | 66,0%      | 215,00  | 232,99 \$   |
| 74%                     | 74,0%                     | 68,5%      | 71,0%               | 65,5%      | 233,00  | 250,99 \$   |
| 73%                     | 73,5%                     | 68,0%      | 70,5%               | 65,0%      | 251,00  | 268,99 \$   |
| 72%                     | 73,0%                     | 67,5%      | 70,0%               | 64,5%      | 269,00  | 286,99 \$   |
| 71%                     | 72,5%                     | 67,0%      | 69,5%               | 64,0%      | 287,00  | 304,99 \$   |
| 70%                     | 72,0%                     | 66,5%      | 69,0%               | 63,5%      | 305,00  | \$ og hærra |

*Það viðmiðunarverð, sem hefur áhrif á skiptaverð til sjómanna, skal frá og með 1. janúar 2009 miðast við meðaltal á skráðu gasolíuverði á Rotterdammarkaði. Meðaltalið miðast við gasolíu 0.1 fyrir barges fob á tonn og cargoes fob á tonn skv. Platt's verðskráningu.*

*Olíuverðsviðmiðunin skal reiknuð mánaðarlega miðað við skráð verð frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar og skal skiptaverð ákvarðast um hver mánaðamót í samræmi við það. Olíuverðsviðmiðunin skal reiknuð með tveimur aukastöfum.*

*Sé fiskur seldur á uppboðsmarkaði hérlendis, sbr. lög nr. 123/1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafli skal af óskiptu draga frá söluverði aflans beinan uppboðskostnað áður en til skipta kemur, skv. lögum nr. 24/1986 og 21/1987 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.*

*LÍÚ skal vikulega afhenda SSÍ ljósrit úr Platt's oilgram með upplýsingum um skráð verð á gasolíu á Rotterdammarkaði. Fyrir hver mánaðamót skulu fulltrúar LÍÚ og SSÍ bera sig saman um meðalverðið, áður en skiptaverð næsta mánaðar er ákveðið.“*

1. – 3. mgr. 1. greinar í gildandi kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands smábátæigenda er orðuð á eftirfarandi hátt:

**„Skiptakjör bátsverja.**


*Bátsverjar skulu fá í sinn hlut þann hundraðshluta af heildarverðmæti aflans sem tilgreindur er í samningi þessum. Sé afli seldur á fiskmarkaði er heimilt að draga uppboðskostnað frá heildar söluverðmætinu áður en aflahlutur er reiknaður.*

*Ef keypt er slægingarþjónusta fyrir afla sem landað er óslægðum og hann síðan seldur óskyldum aðilum eða á fiskmarkaði er heimilt að draga kostnað við slæginguna auk uppboðskostnaðar frá heildar söluverðmæti afla og innyfla (hrogna, lifrar og annarra innyfla) áður en aflahlutur er reiknaður.*

*Sé afli fluttur á erlendan markað í gámum er heimilt að draga flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við sölu erlendis, annan en umboðslaun, frá heildarsöluverðmætinu áður en aflahlutur er reiknaður.*“

Sjómannasamband Íslands telur fráleitt að úreld ákvæði laganna verði látin standa óbreytt fyrst á annað borð er verið að breyta lögnum og leggur til að eftir ábendingu Sjómannasambands Íslands verði farið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hölmgeir Jónsson